



1. FUNDUR Á VORÖNN 2021, MIÐVIKUDAGINN 10. MARS KL. 11:15

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 97% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Umsóknir um mat á íþróttum

Þrjátíu og sjö nemendur sækja um mat á íþróttum - vísað til kennslustjóra í íþróttum.

C. Önnur bréf:

Þrír nemendur sækja um undanþágu frá dönsku til stúdentsprófs. - Vísað til skólameistara til afgreiðslu.

Nemandi sækir um undanþágu frá íþróttum og mat á söngnámi. – Vísað til áfangastjóra.

Nemandi sækir um mat á íþróttum og sjúkrapjálfun þetta skólaár. – Vísað til kennslustjóra í íþróttum.

Staðfesting skólameistara á undanþágu frá stærðfræði til stúdentsprófs.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

NFFG vill staðsetja félagshorn – HORNID - fyrir nemendur með ýmsum spilum/afþreyingu eins og t.d. borðtennisborði, fótboltaspili o.fl. Eru að óska eftir tilboði í ýmis tæki og munu sjá um rekstur HORNSINS. Hugmynd að betri lýsingu væri að fá LED seríu í loftið. Vel tekið í hugmyndir nemenda og munu þau vinna áfram að nánari útfærslu tillögunnar.

FG – Flensborgardagurinn er á ætluð 16. apríl en það á eftir að útfæra hann nánar og taka þarf tillit til aðstæðna vegna covid-19.

3. Önnur mál

Þurfum að bæta okkur í flokkun á rusli. Fá nemendur með okkur í lið. Beyglan, vidónefnd nemenda, er að vinna myndband um flokkun sem verður kynnt fljótlega. Skólinn kominn með skref 3. og 4. í Grænu skrefnunum í rekstri ríkisstofnana.

Fundinn sátu:

Auður Sigurðardóttir náms-og starfsráðgjafi

Dagný Hulda Broddadóttir náms-og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

Halldóra Björg Einarsdóttir, fulltrúi nemendafélagsins

Íris Hvanndal Skaftadóttir fulltrúi kennara

Kristinn Þorsteinsson skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir áfangastjóri

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari

Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi

Þórgunnur Lára Gunnarsdóttir, fulltrúi nemendafélagsins